

Nd. **538. Frumvarp til laga** [279. mál]
um breyting á lögum um heimilishjálp í viðlögum, nr. 10 25. janúar 1952.

Flm.: Svavar Gestsson.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Sveitarstjórnnum og sýslunefndum er heimilt að ákveða að setja skuli á fót í umdæmum þeirra heimilishjálp í viðlögum samkvæmt lögum þessum. Hlutverk hennar er að veita hjálp á heimilum þegar sannað er með vottorði læknis eða ljósmóður eða á annan hátt, sem aðilar taka gilt, að hjálparinnar sé þörf um stundarsakir vegna sjúkdóma, fötlunar, barnsburðar, slysa, dauðsfalla eða af öðrum ástæðum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta hefur þá eina breytingu í för með sér á 1. gr. laga um heimilishjálp í viðlögum að aðstoð megi framvegis veita vegna fötlunar. Eins og löggin eru nú er fötlun ekki sérstaklega tilgreind í 1. gr. laganna. Brögð eru að því að aðilar hafi reynt að skjóta sér undan þjónustu við fatlaða skv. þessum lögum.

Þess vegna ber að taka af tvímæli og því er frv. þetta flutt.